

STÍKLUR

um alþjóðamál

WWW.STIKLUR.IS • 16. MAÍ 2007 • 4. ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTI.D.IS

Endurnýjanleg orka og loftslagsbreytingar:

Jarðhitalandið Ísland kynnt á vettvangi S.þ.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hélt sinn 15. fund dagana 30. apríl til 11. maí sl. Þetta var síðari fundur nefndarinnar af tveimur um sjálfbæra orku, loftslagsmál, iðnþróun og loftmengun. Á fyrri fundinum stóðu íslensk stjórnvöld fyrir tveimur kynningarfundum, um vetni og um jarðhita. Fulltrúar Íslands fluttu erindi um orkumál og loftslagsbreytingar og var m.a. tilkynnt að íslensk stjórnvöld hefðu ákveðið að veita fjármagn til úttektar á jarðhitanytingu í Karíbahafinu í samvinnu við íslensk orkufyrirtæki. Í málflytningu sínum lögðu fulltrúar Íslands m.a. áherslu á endurnýjanlega orkugjafa og þá einkum jarðhita og nýja tækni, s.s. vetni með góðum árangri. Jafnframt fluttu fulltrúar Íslands erindi á norrænum kynningarfundum og á hliðarviðburði um orkumál í smáeyríkjum.

Við opnun fundarins lagði aðalframkvæmdastjóri S.þ., Ban Ki-moon, mesta áherslu á loftslagsmálin. Það gerði einnig Gro Harlem Brundtland sem ávarpaði fundinn með kröftugri ræðu í tilefni af því að 20 ár eru liðin síðan skýrsla hennar „Our Common Future“ var gefin út. Í ræðu Ban Ki-moon kom fram að hann hefði skipað þrjá sérlega sendifulltrúa til að fara um heiminn og ræða við stjórnvöld aðildarríkja um loftslagsmálin. Þeir eru: Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, Han Seung-suo, fyrrverandi utanríkisráðherra S.-Kóreu og Ricardo Lagos, fyrrverandi forseti Chile. Markmiðið er að vekja áhuga á málinu fyrir ráðherrafund um loftslagsmál sem haldinn verður á Bali nk. haust, þar sem vonir eru bundnar við að nýjum viðræðum verði hrundið af stað um loftslagsmál með þátttöku Bandaríkjanna og skuldbindingum stærri þróunar-ríkja.


Fulltrúar Íslands fjölluðu í ræðum sínum um orku- og um loftslagsmál. Tilkynnt var að íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að veita fjármagn til úttektar á jarðhitanytingu í Karíbahafinu í samvinnu við íslensk orkufyrirtæki. Einnig var lögð áhersla á endurnýjanlega orkugjafa og þá einkum jarðhita og nýja tækni þ.e. vetni. Samhliða fundum áttu fulltrúar í sendinefndinni samtöl við ýmsa sem komu að máli við þá, til að ræða um jarðvarmanýtingu á Íslandi og áhuga á samstarfi, einkum í Karíbahafinu.

Erindin sem fulltrúar Íslands fluttu er að finna á heimasíðu ráðuneytisins.

<http://www.utn.stjr.is>

Ísland styrkir grasrótaverkefni í Palestínu

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að styrkja verkefni á vegum Sunbula, „fair trade“ samtaka í Palestínu. Samtökin veita fjölskyldum á heima-stjórnarsvæðinu aðstoð, sem felst í sölu á varningi sem þær framleiða.



Verkefnið sem íslensk stjórnvöld styrkja kallast Sulafa og felst í rekstri níu félagsmiðstöðva þar sem hundruðir kvenna úr flóttamannabúðum á Gaza svæðinu geta unnið að hannyrðum, sem Sunbala samtökin sjá um að selja. Framlag Íslands mun renna til vörupróunar, markaðssetningar og námskeiða-halda. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að fjárhagslegu öryggi kvennanna og fjölskyldna þeirra.

Efnahagsástandið á Gaza svæðinu er mjög slæmt, sérstaklega í flóttamannabúðunum, mikið atvinnuleysi og fátækt. Sunbala eru í samstarfi við u.þ.b. 1800 manns sem afla sér og fjölskyldum sínum lífsviðurværis með sölu á handverki sínu.

